

20. mars 2014
Dýraverndarsamband Íslands
Grensásvegi 12A.

Ályktun DÍS varðandi minkahundahald í Helgadal;

Minkahundum er sgað til að reka fram lifandi mink við veiðar og verða óumflýjanlega stundum mikil átök milli dýranna við það. Oft endar sá bardagi með því að hundurinn drepur minkinn, en einnig geta hundarnir borið mikla áverka eftir slíka viðureign. Í fjölmiðlaviðtali 04.07.2013 við Birgi Hauksson veiðimann kemur til að mynda orðrétt fram að „hundar eru notaðir til að drepa minka. Það eru alveg dæmi um að hundar hafi farið illa út úr bardaga við mink, þeir ná að rífa úr þeim auga eða eitthvað”.

Í lögum um dýravelferð 55/2013 15. grein, lið e., segir „bannað er að etja dýrum saman til áfloga”. Einnig segir í 28. gr um meindýr „Við eyðingu meindýra er óheimilt að beita aðferðum sem valda þeim óþarfa limlestinum eða kvölum”.

DÍS telur þá starfsaðferð að stunda minkaveiðar með ásigun hunda bæði ósiðlegt út frá dýravelferðarsjónarmiðum og ólöglegt út frá dýravelferðarlögum.

DÍS hefur áður ályktað að ekki sé réttlætanlegt að halda hunda í búrum að staðaldri, hvort sem það er gert í atvinnuskyni eða ekki.

Virðingarfyllst,
Dýraverndarsamband Íslands.